



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Umsögn um tillögu að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra fyrir árið 2024

Vísað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 4. september 2023, þar sem lögð er fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2024.

Lagt er til að á árinu 2024 verði gert ráð fyrir að áætluð heildarútgjöld verði tæplega 35,5 m.kr., þar af fimm milljónir króna í verkefnakostnað og fimm milljónir króna í rekstur skrifstofu SSH, sem er óbreytt fjárhæð frá fyrra ári. Þá er lagt til að laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfarakaupi auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár. Launakostnaður svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra er áætlaður um 25,5 m.kr. Gert er ráð fyrir að nefndin fundi tíu sinnum á ári.

Sá kostnaður sem áætlað er að falli á Reykjavíkurborg vegna verkefna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. ágúst 2023 og er 56,6% eða sem nemur rúmlega 20 m.kr. fyrir árið 2024. Hækkun milli ára nemur rúmlega 1,3 m.kr. eða tæplega 7% og er gjaldfært á umhverfis- og skipulagssviði. Gert hefur verið ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun.

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs